

Fundur Betadeildar mánudaginn 22. febrúar 2010

Fundarstaður: Lundarskóli

Dagskrá

1. Setning fundar
 2. Fundargerð síðasta fundar
 3. Orð til umhugsunar
 4. Önnur mál
 5. Gestur frá Rauða krossi Íslands
 6. Hapdrætti og kaffi
 7. Fundi slitið
-
1. Eygló setti fund og skilaði kveðju frá fjarverandi félagskonum.
 2. Þorgerður las fundargerð frá síðasta fundi.
 3. Að þessu sinni flutti Gunnlaug Friðriksdóttir orð til umhugsunar. Hún gekk út frá þema Betadeildar sem er „Jákvæðni og gleði” með jákvæðnina að leiðarljósi. Hún talaði um hvað jákvæðar hugsanir geta haft mikil áhrif á líf okkar. Hún las m.a. stuttan kafla úr bókinni „Orð í gleði” eftir Karl Sigurbjörnsson. Megininntakið var að maður velur sér jákvæðar hugsanir og þær hafa áhrif.
 4. Næst á dagskrá voru önnur mál. Eygló sagði frá því að nú væri komið að því að kjósa nýja stjórn og væri búið að fá tvær konur í uppstillinganefnd til þess að finna konur í hana. Í uppstillinganefnd að þessu sinni eru Halldóra Haraldsdóttir og Selma Hauksdóttir. Eygló bað félagskonur að taka þeim vel ef þær leituðu til þeirra. Stjórnarkjör fer svo fram á aðalfundi í vor.
Eygló sagði líka frá landssambandsþinginu sem haldið verður 17. apríl í Reykjavík en ennþá hefur lítið komið um það. Hún hvatti konur til þess að sækja þingið.
 5. Gestur kvöldsins var Hafsteinn Jakobsson framkvæmdastjóri Rauða krossdeildarinnar á Akureyri. Hann sagði okkur frá mjög svo fjölbreyttri starfsemi Rauða krossins og ekki síst Akureyrardeildarinnar sem stofnuð var 1925 og er elsta deildin á landinu en þær eru 50 talsins. Talsverðar umræður sköpuðust í kjölfarið á fyrirlestri hans.
Að fyrirlestri hans loknum voru veitingar í boði Halldóru, Rósu og Lilju og var þeim gerð góð skil.
 6. Hapdrættisvinninginn að þessu sinni fékk María Gunnarsdóttir..
 7. Fundi slitið.

Ritari: Þorgerður Sigurðardóttir